



Aðgerðaráætlun Hafnarfjarðar gegn kynbundnu ofbeldi

2015-2018

Aðgerðaráætlun Hafnarfjarðar gegn kynbundnu ofbeldi

2015-2018

Efnisyfirlit

Inngangur	5
A. Aðgerðir um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.....	6
1. Markmið: Að þeir starfsmenn sem vinna með börn á vegum Hafnarfjarðarbæjar fái fræðslu um einkenni kynbundins ofbeldis hjá börnum, með það að markmiði að gera þá hæfari í að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi á sinni starfstöð.....	6
a. Aðgerð:	6
2. Markmið: Stuðla að vitundarvakningu hjá íþróttafélögum gagnvart ofbeldi gegn börnum..	6
a. Aðgerð:	6
3. Markmið: Auka ábyrgð foreldra og forráðamanna á þáttum sem tengjast ofbeldi gegn börnum og stuðla að aukinni vitneskju um leiðir og úrræði.	6
a. Aðgerð:	6
4. Markmið: Stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum barna- og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi á vegum sveitarfélagsins.	6
a. Aðgerð:	6
b. Aðgerð:	6
c. Aðgerð:	6
5. Markmið: Að auka vitund bæjarbúa og virkja samfélagið þannig að það láti sig ofbeldi varða. Að upplýsa einstaklinga um rétt þeirra, einkenni ofbeldis, orsakir, afleiðingar og úrræði.....	7
a. Aðgerð:	7
b. Aðgerð:	7
6. Markmið: Að auka vitund barna og unglinga um kynbundið ofbeldi.....	7
a. Aðgerð:	7
b. Aðgerð:	7
B. Aðgerðir sem tryggja skilvirka nærþjónustu og skýr hlutverk.....	7
1. Markmið: Að þróa áfram samstarf við Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um fyrstu viðbrögð við tilkynningum um heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum.....	7
a. Aðgerð:	7

2.	Markmið: Að koma á samræmdum vinnureglum um tilkynningarskyldu þegar grunur er um ofbeldi gegn börnum og skerpa á ákvæðum um mikilvægi tilkynningarskyldu skv. barnaverndarlögum.....	7
a.	Aðgerð:	7
b.	Aðgerð:	7
C.	Aðgerðir sem auka þekkingu starfsfólks stofnana bæjarins á kynbundnu ofbeldi	8
1.	Markmið: Að efla þekkingu starfsfólks hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar á vinnu með börnum og fullorðnum sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi.....	8
a.	Aðgerð:	8
2.	Markmið: Að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla um einkenni , orsakir og afleiðingar ofbeldis.....	8
a.	Aðgerð:	8
b.	Aðgerð:	8
c.	Aðgerð:	8
3.	Markmið: Í félagsþjónustu, barnavernd, málefnum fatlaðra og aldraðra verði skimað markvisst eftir kynbundnu ofbeldi og þannig bættir möguleikar þolenda til að opna á þessi erfiðu mál. 8	
a.	Aðgerð:	8
D.	Aðgerðir sem auðvelda aðgengi að úrræðum fyrir þolendur.....	8
1.	Markmið: Að upplýsingar um viðeigandi úrræði séu aðgengilegar bæði fyrir starfsfólk og bæjarbúa.	8
a.	Aðgerðir:.....	8
2.	Markmið: Að börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi fái áfallaaðstoð og aðra viðeigandi meðferð.....	9
a.	Aðgerð:	9
E.	Aðgerðir sem tryggja gott samstarf þjónustuaðila innan sveitarfélagsins.....	9
1.	Markmið: Þróa og viðhalda virku samstarfi og samráði á milli stofnana í bæjarfélaginu sem hafa með málefni barna og fjölskyldna að gera.	9
a.	Aðgerð:	9
b.	Aðgerð:	9
c.	Aðgerð:	9
F.	Aðgerðir í málefnum barna og kvenna af erlendum uppruna	10
1.	Markmið: Að málefni barna og kvenna af erlendum uppruna séu rædd þverfaglega og stefna mótuð í þeim málaflokki í bæjarfélaginu.	10
a.	Aðgerð: S	10
2.	Markmið: Að auðvelda börnum af erlendu bergi brotnum að stunda íþróttir og tómstundir. 10	
a.	Aðgerð:	10

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu	10
b. Aðgerð	10
G. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis í málefnum fatlaðs fólks.	10
1. Markmið: Fara eftir samræmdum vinnureglum um tilkynningarskyldu og viðbrögð þegar grunur er um ofbeldi gegn fullorðnu fötluðu fólki eða fötluðum börnum.	10
a. Aðgerðir:.....	10
2. Markmið: Að starfsmenn og forstöðumenn heimila fatlaðs fólks þekki einkenni ofbeldis og bregðist rétt við.	10
a. Aðgerð:	10
H. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis hjá öldruðum	11
1. Markmið: Að fá yfirsýn yfir kynbundið ofbeldi hjá öldruðum.	11
a. Aðgerð:	11
2. Markmið: Auka þekkingu og stuðla að markvissum vinnubrögðum gegn kynbundnu ofbeldi hjá öldruðum.....	11
a. Aðgerð:	11
b. Aðgerð:	11

Inngangur

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar fól sviðsstjóra fjölskylduþjónustu að útfæra aðgerðaráætlun gegn kynbundu ofbeldi í bæjarfélaginu. Aðgerðaráætlunin á að vera rammi utan um markvissa vinnu gegn kynbundu ofbeldi með þeim úrræðum sem stofnanir bæjarins hafa yfir að ráða. Með því mun Hafnarfjörður vinna markvisst gegn því samfélagslega meini sem heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum er.

Með *heimilisofbeldi* er átt við ofbeldi milli nákominna sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjánainga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹

Með *ofbeldi gegn börnum* er átt við hvers kyns líkamlegt og andlegt ofbeldi, meiðingar, líkamlega og tilfinningalega vanrækslu, skeytingarleysi, umgengnistálmanir, illa meðferð eða misnotkun, þar á meðal kynferðislega misnotkun og einnig þegar heilsu eða lífi ófædds barns er stefnt í hættu².

Gerð áætlunarinnar er m.a. byggð á:

- Aðgerðaráætlun ríkistjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis.
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.
- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
- Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aðgerðir Hafnarfjarðarbæjar eru eftirfarandi:

- A. Aðgerðir um forvarnir gegn kynbundu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.
- B. Aðgerðir sem tryggja skilvirka nærþjónustu og skýr hlutverk.
- C. Aðgerðir sem styrkja starfsfólk stofnana í því að þekkja einkenni, bregðast rétt við og sinna forvörnum.
- D. Aðgerðir sem auðvelda aðgengi að úrræðum fyrir þolendur.
- E. Aðgerðir sem tryggja gott samstarf þjónustuaðila innan sveitarfélagsins.
- F. Aðgerðir í málefnum barna og kvenna af erlendu bergi brotnu.
- G. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis í málefnum fólks með fatlanir.
- H. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis hjá öldruðum.

Leitast er við að stofna ekki til viðbótarkostnaðar heldur að sá mannauður, úrræði og þjónusta sem til staðar er verði aðlöguð og nýtt í þágu áætlunarinnar.

Fjölskylduráð ber ábyrgð á aðgerðaráætluninni, framkvæmd hennar og eftirfylgd. Lagt er til að settur sé á fót stýrihópur sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd hennar. Áætlunin gildir til ársloka 2018.

Framganga verkefna á aðgerðaráætluninni verður metin í september árlega út gildistíma og gerð verður skýrsla með niðurstöðum og tillögum að úrbótum.

¹ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2.gr.

² (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 19. R. og „Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd“, vinnuþlagg frá Barnaverndarstofu).

A. Aðgerðir um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

1. **Markmið:** Að þeir starfsmenn sem vinna með börn á vegum Hafnarfjarðarbæjar fái fræðslu um einkenni kynbundins ofbeldis hjá börnum, með það að markmiði að gera þá hæfari í að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi á sinni starfstöð.
 - a. **Aðgerð:** Allir starfsmenn á vegum Hafnarfjarðarbæjar sem vinna með börnum í Hafnarfirði fái forvarnarfræðslu um kynbundið ofbeldi.

Ábyrgð: Íþróttta- og tómstundafulltrúi

2. **Markmið:** Stuðla að vitundarvakningu hjá íþróttafélögunum gagnvart ofbeldi gegn börnum.
 - a. **Aðgerð:** Við endurskoðun samninga bæjarins um niðurgreiðslur á styrk til íþróttaiðkunar sé gert ráð fyrir að þjálfarar í íþróttafélögum bæjarins taki þátt í fræðslufundum á vegum bæjarins um kynbundið ofbeldi gangvart börnum.

Ábyrgð: Íþróttta- og tómstundafulltrúi og sálfræðingur fjölskylduþjónustu

3. **Markmið:** Auka ábyrgð foreldra og forráðamanna á þáttum sem tengjast ofbeldi gegn börnum og stuðla að aukinni vitneskju um leiðir og úrræði.
 - a. **Aðgerð:** Aukin almenn upplýsingagjöf til foreldra í starfsáætlun hvers grunnskóla og miðar hún að því að kynna verkferla og vinnubrögð sérfræðiþjónustunnar í forvörnum, með áherslu á forvarnir gagnvart hvers kyns ofbeldi.

Ábyrgð: Þróunarfulltrúi grunnskóla og deildarstjóri ráðgjafar

4. **Markmið:** Stuðla að jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum barna- og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi á vegum sveitarfélagsins.
 - a. **Aðgerð:** Jafningjafræðslan er úrræði þar sem ungt fólk sem fær handleiðslu frá sérfræðingum fjölskylduþjónustu fræðir og ræðir við ungt fólk sem starfar í vinnuskólanum á sumrin. Markmið þessa úrræðis er að ná fram jafningjaáhrifum og þannig áhrifameiri fræðslu.
 - b. **Aðgerð:** Starfsmönnum frístundaheimila, félagsmiðstöðva og vinnuskólans verði boðið upp á forvarnarnámskeið um kynbundið ofbeldi.
 - c. **Aðgerð:** Starfsmenn á nýliðanámskeiðum frístundaheimila og félagsmiðstöðva læra að þekkja einkenni, áhættu og afleiðingar kynbundins ofbeldis og ofbeldis gegn börnum og hvernig má brjóta upp staðalímyndir kynjanna.

Ábyrgð: Íþróttta- og tómstundafulltrúi

5. **Markmið:** Að auka vitund bæjarbúa og virkja samfélagið þannig að það láti sig ofbeldi varða. Að upplýsa einstaklinga um rétt þeirra, einkenni ofbeldis, orsakir, afleiðingar og úrræði.
- Aðgerð:** Gera málefnið aðgengilegt á heimasíðu Hafnarfjarðar á íslensku, ensku og pólsku.
 - Aðgerð:** Að kynna aðgerðaráætlun Hafnarfjarðar fyrir stofnunum og samtökum í Hafnarfirði svo sem grasrótarsamtökum, trúfélögum og félagasamtökum og efla samstarf við þessa aðila.

Ábyrgð: Sviðstjóri fjölskylduþjónustu og samskiptastjóri Hafnarfjarðar

6. **Markmið:** Að auka vitund barna og unglinga um kynbundið ofbeldi.
- Aðgerð:** Regluleg fræðsla fyrir nemendur grunnskólanna með opinbert efni [Vitundarvakningar](#) um forvarnir kynferðislegs ofbeldis.
 - Aðgerð:** Fræðsla til starfsfólks skóla og nemenda um hinsegin málefni. Markmiðið er að auka umburðarlyndi og stuðla að forvörnum gegn ofbeldi á grunni almennra mannréttinda.

Ábyrgð: Þróunarfulltrúi grunnskóla og deildarstjóri ráðgjafar

B. Aðgerðir sem tryggja skilvirka nærþjónustu og skýr hlutverk

1. **Markmið:** Að þróa áfram samstarf við Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um fyrstu viðbrögð við tilkynningum um heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum.
- Aðgerð:** Starfshópur á vegum Fjölskylduþjónustunnar var skipaður með fulltrúum Kópavogs til að koma með tillögur um hvernig best væri að halda utan um samstarfið. Einn starfsmaður barnaverndar er á sameiginlegri bakvakt sveitarfélaganna í tímabundnu verkefni í sex mánuði og eftir þann tíma verður verkefnið endurskoðað.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjóri barnaverndar.

2. **Markmið:** Að koma á samræmdum vinnureglum um tilkynningarskyldu þegar grunur er um ofbeldi gegn börnum og skerpa á ákvæðum um mikilvægi tilkynningarskyldu skv. barnaverndarlögum.
- Aðgerð:** Farið verði yfir og samræmdar vinnureglur hjá stofnunum Hafnarfjarðarbæjar varðandi tilkynningar til barnaverndar þegar grunur er um ofbeldi gegn börnum.
 - Aðgerð:** Útbúið verður kynningarefni fyrir starfsfólk um mikilvægi tilkynningarskyldunnar og það ferli sem fer í gang við tilkynningu. Efnið verði kynnt í þeim stofnunum bæjarins þar sem unnið er með börn og unglinga.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjóri barnaverndar

C. Aðgerðir sem auka þekkingu starfsfólks stofnana bæjarins á kynbundnu ofbeldi

1. **Markmið:** Að efla þekkingu starfsfólks hjá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar á vinnu með börnum og fullorðnum sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi.
 - a. **Aðgerð:** Að vera með fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk um um einkenni, orsakir og afleiðingar kynbundins ofbeldis

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjórar sviðsins.

2. **Markmið:** Að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla um einkenni, orsakir og afleiðingar ofbeldis
 - a. **Aðgerð:** Allir starfmenn og stjórnendur grunnskóla sækja forvarnarnámskeið þar sem þeir fá fræðslu í forvörnum kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum.
 - b. **Aðgerð:** Unnið er að sérstakri handbók fyrir skólastjórnendur grunnskóla um forvarnir í skólastarfi með áherslu á forvarnir gegn ofbeldi þar sem áherslan er á að styrkja faglega ferla og nýta aðrar þær leiðbeiningar sem skólum eru nauðsynlegar í forvörnum kynferðislegs ofbeldis.
 - c. **Aðgerð:** Starfsfólki leikskóla er reglulega boðið upp á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Ábyrgð: Þróunarfulltrúi grunnskóla og deildarstjóri ráðgjafar

3. **Markmið:** Í félagsþjónustu, barnavernd, málefnum fatlaðra og aldraðra verði skimað markvisst eftir kynbundnu ofbeldi og þannig bættir möguleikar þolenda til að opna á þessi erfiðu mál.
 - a. **Aðgerð:** Innleiða verklag þar sem starfsmenn fjölskylduþjónustunnar skima markvisst eftir kynbundnu ofbeldi með notkun gátlista.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjórar

D. Aðgerðir sem auðvelda aðgengi að úrræðum fyrir þolendur

1. **Markmið:** Að upplýsingar um viðeigandi úrræði séu aðgengilegar bæði fyrir starfsfólk og bæjarbúa.
 - a. **Aðgerðir:** Ef einstakling vantar ráðleggingar um hvert hann skal leita vegna afleiðingar kynbundins ofbeldis getur hann fengið samband samdægurs við vakthafandi ráðgjafa hjá fjölskylduþjónustunni sem leiðbeinir honum um næstu skref. Vakthafandi ráðgjafi hjá fjölskylduþjónustunni veitir ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi úrræði og afleiðingar kynbundins ofbeldis.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjórar sviðsins

2. **Markmið:** Að börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi fái áfallaaðstoð og aðra viðeigandi meðferð.

- a. **Aðgerð:** Börn sem eru þolendur heimilisofbeldis fái viðtöl hjá starfsmanni barnaverndar Hafnarfjarðar innan tveggja sólarhringa og í kjölfarið vísað í sérhæfða áfallameðferð ef þurfa þykir. Ef barnið er of ungt til að tjá sig er lögð áhersla á stuðning og ráðgjöf til foreldra.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu, deildarstjóri og sálfræðingur barnaverndar

E. Aðgerðir sem tryggja gott samstarf þjónustuaðila innan sveitarfélagsins

1. **Markmið:** Þróa og viðhalda virku samstarfi og samráði á milli stofnana í bæjarfélaginu sem hafa með málefni barna og fjölskyldna að gera.

- a. **Aðgerð:** Halda áfram að þróa þverfaglegt starf með reglubundnum samráðsfundum með heilsugæslu og fjölskyldu og fræðsluþjónustu.

Ábyrgð: Sálfræðingur fjölskylduþjónustu og deildarstjóri ráðgjafar fræðslu- og frístundaþjónustu

- b. **Aðgerð:** Halda áfram að þróa þverfaglega samráðsfundi Litla hóps þar sem fulltrúar þeirra aðila í bæjarfélaginu sem hafa með málefni barna og unglunga að gera það er fjölskylduþjónustu, æskulýðsmála, rannsóknarlögreglu, námsráðgjöfum grunn- og framhaldskóla, fræðsluviði og heilsugæslu hafa með sér samráð.

Ábyrgð: Íþróttta og tómsfundafulltrúi Hafnarfjarðar og sálfræðingur fjölskylduþjónustu

- c. **Aðgerð:** Styrkja tengsl starfsmanna barnaverndar við leik- og grunnskóla bæjarins ásamt framhaldsskólum bæjarins með reglulegum fundum. Á þessum fundum fari fram fræðsla og samráð.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og deildarstjóri barnaverndar

F. Aðgerðir í málefnum barna og kvenna af erlendum uppruna

1. **Markmið:** Að málefni barna og kvenna af erlendum uppruna séu rædd þverfaglega og stefna mótuð í þeim málaflokki í bæjarfélaginu.
 - a. **Aðgerð:** Samráðshópur um málefni innflytjenda í Hafnarfirði starfi áfram og að í honum verði fulltrúar frá leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu

2. **Markmið:** Að auðvelda börnum af erlendu bergi brotnum að stunda íþróttir og tómstundir.
 - a. **Aðgerð:** Stofnaður hefur verið sjóður sem styður við þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu

- b. **Aðgerð:** Unnið hefur verið að því að leita til barna af erlendu bergi brotnu með rýnihópavinnu sem hefur það að markmiði að auka innsýn í félagslega þætti í lífi þessa hóps. Unnið verður úr þessum könnunum verkefni sem gefa börnunum aukin tækifæri á að verða virk félagslega og tengjast menningu barna og ungmenna

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og íþrótt- og tómstundafulltrúi

G. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis í málefnum fatlaðs fólks.

1. **Markmið:** Fara eftir samræmdum vinnureglum um tilkynningarskyldu og viðbrögð þegar grunur er um ofbeldi gegn fullorðnu fötluðu fólki eða fötluðum börnum.
 - a. **Aðgerðir:** Yfirfara og uppfæra verklagsreglur og kynna þær fyrir starfsfólki starfsstöðva og öðrum þjónustuaðilum.

Ábyrgð: Deildarstjóri reksturs- og þróunar í málefnum fatlaðs fólks

2. **Markmið:** Að starfsmenn og forstöðumenn heimila fatlaðs fólks þekki einkenni ofbeldis og bregðist rétt við.
 - a. **Aðgerð:** Halda forvarnarnámskeið um kynbundið ofbeldi fyrir starfsfólk og forstöðumenn sem starfa með fötluðu fólki.

Ábyrgð: Deildarstjóri reksturs- og þróunar í málefnum fatlaðs fólks

H. Aðgerðir vegna kynbundins ofbeldis hjá öldruðum

1. Markmið: Að fá yfirsýn yfir kynbundið ofbeldi hjá öldruðum.

- a. **Aðgerð:** Að gera rannsókn með fulltingi háskólasamfélagsins á algengi kynbundins ofbeldis hjá þjónustugegum heimaþjónustu Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Ábyrgð: Deildarstjóri stoðþjónustu

2. Markmið: Auka þekkingu og stuðla að markvissum vinnubrögðum gegn kynbundnu ofbeldi hjá öldruðum.

- a. **Aðgerð:** Vera með reglulega fræðslu fyrir starfmenn heimaþjónustu fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um einkenni kynbundins ofbeldis hjá öldruðum.

Ábyrgð: Deildarstjóri stoðþjónustu

- b. **Aðgerð:** Að þróa og innleiða hjá starfsmönnum heimaþjónustu Hafnarfjarðar skimunarlista fyrir kynbundið ofbeldi hjá öldruðum.

Ábyrgð: Deildarstjóri stoðþjónustu